



MIÐEIND

Miðeind ehf. | Fiskislóð 31, rými B/303 | 101 Reykjavík
kt. 591213-1480 | mideind.is

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið
Skrifstofa menningar og skapandi greina

Reykjavík, 20. október 2025

Efni: Umsögn Miðeindar ehf. um frumvarp til laga um menningarframlag streymisveitna

Miðeind þakkar tækifærið til að veita umsögn vegna frumvarps til laga um menningarframlag streymisveitna.

Miðeind er tilgangsdrifið íslenskt sprotafyrirtæki sem hefur frá árinu 2015 unnið að máltækni og gervigreind fyrir íslensku. Fyrirtækið átti stóran þátt í máltækniáætlun stjórnvalda 2018-2022 og hefur þróað lausnir á borð við málrýni, vélþýðingar, auðskilið mál og samantekt, talgreiningu og skjátextun. Þá vinnur Miðeind nú að verkefni sem felur í sér að þýða talrás sjónvarpsefnis sjálfvirkt úr ensku (og öðrum tungumálum í framhaldi) yfir á íslensku, með því sem næst upphaflegum röddum (*voice cloning*). Verkefnið er styrkt af Markáætlun Rannís í máltækni, en krefst mótframlags frá Miðeind.

Markmið frumvarpsins um menningarframlag streymisveitna eru að efla íslenska menningu og tungu. Eins og frumvarpstextinn stendur í drögum geta streymisveitur lækkað skatt af áskriftum niður fyrir 5% með „beinni fjárfestingu í framleiðslu á innlendu efni“. Sá skattur sem eftir stendur verði greiddur til ríkissjóðs með fyrirheitum um að hann renni í Kvikmyndasjóð.

Miðeind styður frumvarpið og markmið þess. Við teljum þó að þeim markmiðum yrði enn betur náð með þeirri viðbót að **bein fjárfesting í skjátextun og talsetningu erlends sjónvarpsefnis á íslensku teljist jafnframt til lækkunar á umræddum skatti.**

Frumvarpið, eins og það stendur, er ekki líklegt til að breyta miklu um efni erlendra streymisveitna sem íslensk heimili, þar á meðal börn, munu sjá og neyta. Mikill meirihluti slíks efnis yrði eftir sem áður á ensku, ótextað og ótalsett. Með þeirri viðbót sem hér er lögð til skapaðist aftur á móti markverður hvati til að texta og talsetja efni til útsendingar á Íslandi, þrátt fyrir smæð markaðarins.

Slíkur hvati til textunar og talsetningar myndi jafnframt jafna samkeppnisstöðu erlendra og innlendra efnisveitna og fjölmiðla, en sem kunnugt er hvílir skylda á íslenskum veitum að texta og

talsetja efni, með tilheyrandi kostnaði (sbr. 29. gr. laga 38/2011 um fjölmiðla, þar sem erlendar streymisveitur njóta undanþágu skv. 3. mgr.). Þá kann að vera að skýr tenging við markmið um verndun íslenskunnar geri menningarframlagið enn samrýmanlegra evrópsku regluverki og almennum jafnræðis- og meðalhófssjónarmiðum.

Miðeind telur að tillögð viðbót myndi m.a. hafa eftirfarandi kosti:

- Styrking íslenskrar tungu með minna framboði af ótextuðu og ótalsettu erlendu sjónvarpsefni, m.a. fyrir börn, en að sama skapi auknu hlutfalli textaðs og talsetts efnis.
- Jöfnun samkeppnisstöðu innlendra og erlendra fjölmiðla og efnisveitna hvað þýðingarskyldu varðar.
- Styrking starfs fagfólks á sviði þýðinga, hágæða raddleiks og hljóðsetningar.
- Styrking íslenskrar máltækni, þar á meðal vélþýðinga, talgreiningar og talgervingar.
- Möguleikar á að aukin fjárfesting og færni í textun og talsetningu nýtist í framhaldi á öðrum sviðum, m.a. í tölvuleikjum og á samfélagsmiðlum (TikTok/YouTube).

Vísbendingar eru um að íslensk tunga eigi í vök að verjast, ekki síst hjá yngri kynslóðum, vegna þess hversu alltumlykjandi enska er orðin í málumhverfinu og þá sérstaklega á máltökuskeiði. Það menningarframlag sem frumvarpið skilgreinir er prýðilegt tækifæri til að sækja fram fyrir hönd íslenskunnar, ef rétt er á málum haldið, og er umsögn þessari ætlað að vekja athygli á því tækifæri.

Við hjá Miðeind gerum okkur vonir um góðar viðtökur við ofangreindum sjónarmiðum.

Pr. pr. Miðeind ehf.

Vilhjálmur Þorsteinsson
stjórnarformaður
vt@miðeind.is